



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2022

2212002SA GB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 532. mál

Sambandið fagnar framlagningu frumvarpsins, sem felur í sér framlengingu tilraunaverkefnis um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) um tvö ár, eða til ársloka 2024. Í frumvarpinu er jafnframt sett markmið um að fjölga NPA samningum í allt að 145 samninga á árinu 2023 og í allt að 172 samninga á árinu 2024. Gangi þau markmið eftir verður í lok tímabilsins búið að ná markmiðum um fjölda samninga sem fram koma í gildandi bráðabirgðaákvæði við lögin.

Samþykkt frumvarpsins mun eyða óvissu um gildi þeirra NPA samninga sem nú eru í gildi ásamt því að skapa forsendur til að vinna á biðlistum eftir nýjum samningum, með því að fjármögnun á 25% kostnaðarhlutdeild ríkisins í NPA þjónustu verði tryggð.

Þrátt fyrir framangreint er tilefni til að minna enn og aftur á að til að festa NPA þjónustu varanlega í sessi verður að tryggja að meira fjármagn komi frá ríkinu til að standa undir þessari þjónustu. Ella sitja sveitarfélögin uppi með kostnað vegna NPA samninga sem í mörgum tilvikum er langt umfram það sem gert var ráð fyrir við samþykkt laga nr. 38/2018.

Í stuttu máli er krafa sambandsins f.h. sveitarfélaga að:

- 1) Framlag ríkisins hækki úr 25% í 30%
- 2) Þegar hjúkrunar- eða umönnunarpörf er verulegur hluti kostnaðar við NPA-samninga komi til aukið framlag frá heilbrigðiskerfinu til að mæta þessari þörf.
- 3) Frekari úrbætur er mögulegt að gera til viðbótar framangreindum atriðum. Þar vegur e.t.v. þyngst að sveitarfélögin kalla eftir því að umsýslugjald vegna umfangsmikilla samninga verði lækkað úr 10% í 5%.

Hvað varðar forsendur til þess að bæta þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk minnir sambandið á umsagnir sínar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023 og frumvarp til fjárukalaga 2022 þar sem fram koma upplýsingar um stigvaxandi hallarekstur á málaflöknum. Mikill og augljós vandi er hér til staðar sem ekki verður horft framhjá. Engu að síður virðast ekki vera miklar líkur á að Alþingi stígi inn í við afgreiðslu fjárukalaga þessa árs. Við það hljóta sveitarfélögin að vera afar ósatt enda mun halli á þessum málaflökki bitna á annarri þjónustu við íbúa, ásamt því að tefja framþróun í málaflöknum.

Skýringar

Vert er að undirstrika að framangreindar kröfur hafa verið settar fram af hálfu sveitarfélaga allt frá yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga. Kostnaðarþróun NPA-samninga á árabílinu 2018 til 2021 undirstrikar augljóslega réttmæti þessara krafna, þar sem sífellt hallar meira á sveitarfélögin við veitingu þessa þjónustuforms.


Í greinargerð með frumvarpi að lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir var gert ráð fyrir 25% viðbótarframlagi við hvern NPA samning frá ríkissjóði. Áætlanir gerður ráð fyrir að viðbótarframlagið yrði samtals 560 m.kr. og að heildarfjöldi samninga á bakvið það fjármagn yrðu 172 að loknu tilraunartímabili (lok árs 2022). Að gefnum þessum forsendum var áætlað að samtala samninga væri 2.240 m.kr. árið 2022 og þá yrði meðaltal samningsupphæða miðað við 172 samninga rúmlega 13 m.kr.

Óumdeilt er að hér var um alvarlegt vanmat að ræða. Árið 2021 voru fjöldi samninga 90 og heildarfjárhæð samningsupphæð þeirra var 2.754 m.kr. Meðalkostnaður samninga það árið var 30,6 m.kr., sem er töluvert hærri fjárhæð en áætlanir frumvarpsins gerðu ráð fyrir eins og áður er rakið.¹

Til frekari skýringa má benda á að árið 2018 voru 29 samningar undir sex milljónum króna, eða 38% af heildarfjölda samninga og einungis einn samningur með hærri samningsfjárhæð en 39,6 m.kr., eða 1,3% af samningunum. Árið 2021 voru sjö samningar með lægri en sex m.kr. , eða 8% af samningunum. Hins vegar voru 37 samningar hærri en 39,6 m.kr. eða 41% af samningunum.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

¹ Ef meðalkostnaður skv. áætlunum frumvarpsins er uppreiknaður á verðlag 2021 þá má gera ráð fyrir að 15% af upphæðinni hækki skv. meðaltals vísitölu neysluverðs á milli árunna 2018 og 2021 og 85% skv. meðaltals hækkun vísitölu launa starfsmanna á almennum vinnumarkaði þá er hækkunin 18% á milli þessara ára. Miðað við þá leiðréttingu þá er meðalkostnaður hvers samnings skv. áætlunum frumvarpsins 15.364 þúsund krónur en rauntalan var 30.608 þúsund krónur.